

170 5310



Tilboð vegna leiga á rishæð Strandgötu 4 í Hafnarfirði

Fast ráðningar kt. 551216-0470 gera eftirfarandi tilboð í leigu á ris-hæðinni í húsnæðinu Strandgötu 4 í Hafnarfirði. Ekki eru til teikningar af þessari hæð en starfsmaður hjá Hafnarfjarðarbæ áætlaði að risið væri um 100 fm.

Það er okkur sönn ánægja að gera tilboð í leigu á ris-hæðinni í húsnæðinu Strandgata 4 í Hafnarfirði. Við höfum í nokkurn tíma leitað að rétta húsnæðinu í miðbæ Hafnarfjarðar. Hjá okkur starfa 3-4 starfsmenn og búum við flest í Hafnarfirði og finnst okkur hvergi betra að vera. Miðbær eins og í Hafnarfirði hentar okkur einstaklega vel því það er gott að vera miðsvæðis en samt ekki þar sem of þétt byggð vegna bílastæðamála og fleira. Ráðningarþjónustu fylgir nokkur umferð af fólki og á góðum degi eru allt að 15 manns að koma í viðtal á dag. Þetta er yfirleitt fólk sem er spennt og glatt og það fylgir því gleði og eftirvænting að koma í viðtal vegna mögulegt starf.

Við erum nútímaleg ráðningaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega þjónustu. Ráðgjafar okkar eru með yfir 15 ára reynslu af ráðningum og hafa góða menntun og reynslu.

Mögulegur samstarfsaðili er nýstofnuð lítið verkfræðistofa, Hanna verkfræðistofa, að fullu í eigu Hrundar Einarsdóttur byggingarverkfræðings, líklega eina verkfræðistofan að fullu í eigu konu.

Bæði Fast ráðningar ehf og Hanna Verkfræðistofa ehf eru með skrifstofur hjá Orange skrifstofuhótel í Skútuvogi í dag og langar okkur mikið að komast í Fjörðinn fagra.

Við bjóðum 2350 kr. á fermetrann og óskum eftir að leiga frá 1. september 2017.

Fyrir hönd Fast Ráðninga,
Lind Einarsdóttir og Perla Steingrímsdóttir

fastradningar@fastradningar.is

Sími 552-1606

Skútuvogur 3, 104 RVK